

LAXÁ Í REFASVEIT 1989

LAXÁ Í REFASVEIT 1989

Tumi Tómasson

Hólum, des 1989

VMST-N/89021X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Í REFASVEIT 1989

INNGANGUR

Árleg athugun á útbreiðslu, þéttleika og vexti laxaseiða í Laxá í Refasveit var framkvæmd 4. ágúst 1989. Alls var veitt á ellefu stöðum (Mynd 1).

Mikið vatn var í ánni daginn sem athugunin fór fram og því erfitt að stunda rafveiðar. Reikna má með að fjöldi veiddra seiða endurspegli sæmilega þéttleikahlutföll á mismunandi stöðum í ánni, en hinsvegar var veiðni seiðanna lakari en árið á undan, þannig að ekki er um góða samsvörun að ræða milli ára.

Sumarið 1989 var sleppt í ána um 3000 smáseiðum af stofni árinna. Þar af var helmingnum sleppt í Núpshólunum og hinum helmingnum í Norðurá, fyrir framan Þverá.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2.

Útbreiðsla náttúrulegra seiða var svipuð og árið á undan. Náttúruleg vorgömul seiði fundust einungis neðarlega í Laxá (stað 12). Þessi seiði voru mjög smá, innan við 3 cm á lengd. Þroski vorgamalla seiða ofar í kerfinu var að líkindum enn minni. Þau seiði hafa því vart verið farin að dreifa sér frá hrygningarstöðvunum og einnig er hending að svo smá seiði veiðist, jafnvel þótt þau séu þar sem rafveiðar fara fram.

Smá og lítt þroskuð vorgömul seiði endurspeгла lágan vatns-hita árinna fram eftir sumri, og það munu líklega verða mikil afföll á þessum árgangi í vetur.

Seiði á öðru ári (1+) fundust fyrir framan Balaskarð (St 5b) og neðst í Norðurá, á sömu stöðum og 0+ seiði fundust 1988. Þessi seiði eru smærri en jafngömul seiði hafa verið á undarförnum árum sem kemur til af tvennu. Vorgömum seiði voru tiltölulega smá 1988 og síðan hefur vatnskuldi 1989 takmarkað vaxtarmöguleika seiðanna s.l. sumar. Almennt voru seiðin þó vel á sig komin og ekkert sem bendir til að samkeppni hafi óæskileg áhrif á þrif seiða í Laxá.

Övenju mikið fannst af 2+ seiðum og er það í samræmi við veiðarnar 1988 þegar 1+ seiði voru ríkjandi á þeim stöðum sem náttúruleg hrygning nær til. Þessi seiði voru ekki áberandi smærri en jafngömum seiði á fyrri árum, enda hefur sumarkuldi minni áhrif á efnaskipti eftir því sem seiðin eru eldri og stærri.

Stærstu seiðin sem veiddust voru öll í göngubúning, á leið til sjávar. Ekki er annað að merkja en að gönguseiða-framleiðsla árinna hafi verið með eðlilegu móti, en óvíst er um örlög seiða sem ganga svona seint til sjávar. Víst er að þau hafa aukna tilhneigingu til að koma tilbaka eftir tvö ár í sjó, en hve hátt heildarhlutfall slíkra verður skal ekki spáð um hér.

Í heildina virðist ástand seiðastofna Laxár vera gott, en ekki er að sjá að laxinn hafi unnið frekari landvinninga fram í Laxá eða Norðurá. Ekki er að vænta að hrygning síðastliðið haust hafi heldur bætt þar um, því lax hefur almennt minni tilhneigingu til að ganga fram árnar í köldu tíðarfari.

Rafveiðarnar á undanförnum árum benda til að smáseiða-sleppingar hafi oftast tekist vel og seiði úr þeim ættu að standa undir umtalsverðum hluta veiðinnar í ánni. Þetta mætti kanna nánar með söfnun og greiningu hreistursýna af fullorðnum laxi.

Úr veiðinni 1989 hafa borist fjögur hreistursýni frá Sigmundi Ófeigssyni, öll af lögum veiddum 12. júlí. Tíu punda hrygna

sem veiddist á Flúðum var úr náttúruklaki, hafði verið 3 ár í ferskvatni og tvö ár í sjó. Fimm punda hængur sem veiddist í Gljúfrabúa var sömuleiðis úr náttúruklaki, hafði verið fjögur ár í ferskvatni og eitt ár í sjó.


Hinsvegar virtust tveir smálaxar, 5p hængur og 6p hrygna, sem veiddust við Garðshorn, báðir vera af sleppiuppruna. Þeir höfðu dvalið þrjú ár í ánni og ættu samkvæmt því að vera úr sleppingu 1985.

Þetta eru of fá sýni til að hægt sé að draga af þeim miklar ályktanir. Þessar niðurstöður, ásamt niðurstöðum úr rafveiðum á svæðum þar sem seiðum hefur verið sleppt á undanfarin ár benda til að það sé æskilegt að sleppa smáseiðum í árnar framantil til að fullnýta uppeldisskilyrði þeirra.


Á næsta ári ætti einkum að sleppa smáseiðum á grýtta kaflan við Núpshólana. Óhætt væri að sleppa þar um 3000 seiðum og dreifa þeim vel, um 2 seiðum á hverja 3 m við hvorn bakka.

Tafla 1 Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m í Laxá í Refasveit 4. ágúst 1988.

Stöð nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²								
		0+	0+ss	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+
4	50x5		3.2				0.4		0.4	
5	20x7		7.9		1.4		0.7			
5b	30x10			4.7		1.0				0.3
6	40x16			2.2	0.8					0.3
7	60x7			1.7		1.4		0.9		
8	25x15			0.5		4.0		0.5		
9a	50x12			2.7		1.5		0.2		
12	30x12	0.8		10.3		5.3		1.1		
13-14	50x6		3.7				0.3			
15a	25x8					2.5	2.5			
17	40x20			0.5		1.9		0.1	0.1	0.2



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit 4. ágúst 1989.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 4. ágúst 1989, eftir veiðistað.